



## Skóflustunga tekin að nýju fjölbýlishúsi í Þorlákshöfn

Fyrsta skóflustunga að nýrri tólf íbúða blokk á vegum Bjargs íbúðafélags var tekin í Þorlákshöfn fimmtudaginn 6. febrúar sl. Bjarg íbúðafélag er sjálfseignastofnun ASÍ og BSRB. Félagið er rekið án hagnaðarsjónarmiða. Það þýðir að íbúðir eru leigðar á kostnaðarverði og leigufjárhæð því ákveðin þannig að rekstur íbúðanna sé sjálfbær, þ.e. að leigusali geti staðið í skilum á þeim greiðslum sem honum ber að greiða samkvæmt lögum.

**Leiguheimili að norrænni fyrirmynd**  
Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd „almenne boliger“. Húsnæðið er tveggja hæða fjölbýlishús úr timbri með samtals 12 íbúðum. Íbúðirnar eru frá bilinu 36,5 fm stúdíóíbúð upp í 89,3 fm fjögurra herbergja íbúð. Þá eru tveggja herbergja íbúðirnar 48,9 fm og þriggja herbergja íbúðirnar 69,3-70 fm. Alls eru ein stúdíóíbúð, fimm tveggja herbergja, fjórar þriggja herbergja og

tvær fjögurra herbergja íbúðir í húsnæðinu. Þá kemur fram að gæluðyrhald verði leyft í hluta íbúðanna.

**Sextíu manns sótt um húsnæðið**  
Verktaki að húsinu er SG-hús á Selfossi en arkitekt er Svava Hjaltalín Jónsdóttir. Um er að ræða svokölluð kubbahús. Vistvænar og endingagóðar timburbyggingar. Alls hafa sextíu manns sótt um húsnæðið en lokað hefur verið fyrir umsóknir í bili. -gpp

## Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Jörund

Fulltrúar Bláskógabyggðar, forsætisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar hafa unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Jörund. Jörundur er hraunhellir staðsettur í Lambahrauni við Hlöðufell. Jörundur var friðlýstur sem náttúruvætti 1985. Þá eru dropasteinar í hellinum sem friðlýstir voru árið 1974.

### Markmiðið að viðhalda verndargildi svæðisins

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Jörund er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnið í samvinnu við rétthafa lands og sveitarfélag og er hugsað sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn svæðisins. Markmiðið með gerð hennar er að leggja fram stefnu um verndun Jörundar og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins þannig að sem mest sátt ríki um. Í áætluninni er lögð fram stefnumótun til 10 ára, ásamt aðgerðaáætlun til fimm ára.

### Fegurð og sérstaða hellisins nánast ólýsanleg

Í samtali við Helga Kjartansson, oddvita Bláskógabyggðar kemur fram að hellirinn hafi verið lok-

aður frá 1984 og með stjórnunar- og verndaráætluninni sé verið að tryggja enn betur lokunina. Þá verði gerður umsjónarsamningur við aðila sem muni hafa umsjón með og eftirlit með hellinum til að tryggja verndargildi hans. Aðspurður um ástand svæðisins segir Helgi: „Jörundur fannst árið 1970 í upphafi hundadaga og því var hann kenndur við Jörund hundadagakonung, dropasteinarir voru friðlýstir fjórum árum síðar. Það er ekki inni í myndinni að gefa upp staðsetningu hellisins enda gæti slíkt haft ófyrirséðar afleiðingar í för með sér. Jörundur er um 225 metra langur og er fegurð hans og sérstaða nánast ólýsanleg. Það eru mjög fáir sem vita um nákvæma staðsetningu hellisins, enda væri hætt á að hann myndi láta á sjá ef umferð færi að vera um hellinn. Ef Jörundi hefði ekki verið lokað á sínum tíma er mjög líklegt að búið væri að stórskaða hann enda eru dropasteinarnir mjög viðkvæmir og geta brotnað við minnsta hnjask, segir Helgi að lokum. Rétt er að benda á að frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum varðandi tillöguna er til og með 19. mars 2020. -gpp

## Þingsályktunartillaga lögð fram um menningarsal Suðurlands á Selfossi

Nokkrir þingmenn af Suðurlandi hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu menningarsalar Suðurlands á Selfossi. Í tillögunni er lagt til við Alþingi að mennta- og menningarmálaráðherra sé falið að leita samninga við Sveitarfélagið Árborg um að ljúka gerð menningarsalar Suðurlands á Selfossi. Samningurinn eigi þá að taka gildi



árið 2020 og uppbyggingu salarins að ljúka eigi síðar en árslok 2021.

Sveitarfélagið Árborg fagnar tillögunni en í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir fjármunum í menningarsalinn sem og gerir sveitarfélagið ráð fyrir fjármagni í sínum áætlunum til að vinna geti hafist á árinu við hönnun á salnum. Sveitarfélagið hefur sent umsógn um þingsályktunartillöguna og er hægt að lesa hana á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar.



Gagnamagnið stígur á svið



Safnar fyrir keppnisferð á Arnold Classic

**Brrr...**  
Það er farið að kólna.  
Nú er rétti tíminn til að yfirfara og stilla hitakerfi og snjóbræðslur fyrir veturinn.

**PÍPULAGNIR HELGA**  
Selfossi - S. 699 1985 / 823 6656

snögg og góð þjónusta

**TOYOTA**

ALWAYS A BETTER WAY

**HYBRID**

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.  
Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is



# SUSHI Á SELFOSSI

AUSTURVEGUR 22 - SÍMI 896 1250

◆ BORDAÐU Á STAÐNUM EÐA TAKTU MEÐ HEIM ◆




## UNDRALAGNIR

ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768

UNDRALAGNIR@GMAIL.COM

JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAÞJÓSTARI



99% RYKFRÍTT

# PARKETSLÍPUN

## OG LAGNIR Á SUÐURLANDI

Slípunin er 99% rykfrí og eingöngu er notast við hágæða lökk og slípivörur.



Gerum föst tilboð eða fermetraverð.

Sími 690 5115



Ljósmynd: Karítas Sigvaldadóttir.

## Gagnamagnið stígur á svið á laugardaginn

# Söngvakeppnin breytti lífi mínu

**M**argir söngelskir Íslendingar beina athygli sinni að skjánum þessa daga þar sem Evróvísión er í fullum gangi. Næstkomandi laugardag verður seinna undanúrslitakvöldið haldið og eigum við Sunnlendingar verðuga fulltrúa þar, en þá stígur á sviði hljóm sveitin Gagnamagnið í annað skipti á Evróvísión-ferli sínum, eins og margir muna eftir þá var hljóm sveitin nálægt því að tryggja sér rétt til þátttöku í lokakeppninni árið 2017.

Sunnlendingurinn Daði Freyr Pétursson er forsprakki hljóm sveitarinnar, en hann samdi lagið og textann, sem flutt verður á laugardaginn. Í hljóm sveitinni ásamt honum eru rafhljóðfæraleikararnir og dansararnir Árný Fjóla Ásmundsdóttir, Jóhann Sigurður Jóhannsson og Stefán Hannesson og söngkonurnar Sigrún Birna Pétursdóttir og Hulda Kristín Kolbrúnardóttir. Öll tengjast þau Daði á mismunandi hátt, Árný er konan hans, en hann kynnist henni í FSu þar sem hann kynntist Stefáni og Huldu líka. Síðan er Sigrún litla systir hans og Jóhann var með honum í 10. bekk í Laugalandskóla.

### Aldrei eytt jafn löngum tíma í að semja lag

„Lagið er í rauninni samið eftir að grunnhugmyndin að atriðinu var komin. Ég samdi lagið í stúdíóinu mínu í Berlín

þar sem ég bý ásamt Árnýju og 9 mánaða dóttur okkar Aróru. Ég man ekki eftir að hafa eytt jafn löngum tíma í að semja lag eins og þetta. Ég gerði allskonar mismunandi útgáfur, prófaði allskonar laglínur og var alltaf að breyta, ég setti mikla pressu á sjálfan mig með þetta lag sem varð til þess að mér fannst aldrei neitt nógu gott, en ég er mjög sáttur með útkomuna og mér finnst þetta vera besta lag sem ég hef gefið frá mér, allavega pottþétt skemmtilegasta,“ segir Daði um lagið sitt.

Textinn er upprunalega saminn á ensku og segir Daði að hann fjalli um tilfinninguna við það að eiga nýfætt barn og geta ekki talað við það, að vita í rauninni ekki beint hvað þessari nýju manneskju finnst eða muni finnst um þig eða hvað henni muni finnast um hluti yfir höfuð. Íslenska textann gerði hann vegna þess að í reglum söngvakeppninnar þarf maður að syngja á íslensku í undankeppninni, en hann vonast auðvitað til að komast áfram svo hann geti flutt lagið eins og það var samið.

„Íslenski textinn fjallar um að Gagnamagnið sé að koma úr framtíðinni að bjarga heiminum með nýja dansinum sínum. Enski textinn er mjög persónulegur og mér fannst eitthvað skrytið við að þýða hann bara beint yfir á íslensku, svo við ákváðum að vera með annan texta sem ég held að yti samt undir atriðið í heild,“ segir Daði.

### Miklu meiri alvara heldur en síðast

Þegar Daði er spurður hvort hann sjái mikinn mun á því að keppa í Söngvakeppninni núna í ár miðað við fyrir 3 árum segir hann: „Núna er ég töluvert þekktari en síðast og það er ákveðinn standard sem fólk kannski býst við. Við erum að koma aftur fram sem Gagnamagnið, fólk býst við einhverju ákveðnu svo við þurfum að vinna allt öðruvísi að atriðinu til að reyna að koma aftur á óvart. Ég er að fara í þessa keppni af miklu meiri alvöru en síðast. Núna langar mig í alvöru að fara út fyrir Íslands hönd. Síðast var þetta prótótýpan, núna er Gagnamagnið fullmótað.“

Daði fer fögurum orðum um reynslu sína í að taka þátt í Söngvakeppninni en þátttaka hans hafði mjög góð áhrif á hann sem tónlistarmann. „Ég hef fengið að vinna sem tónlistarmaður síðan við stigum á svið 2017 og það eru forréttindi sem ég tek ekki sem gefnu. Ég hef fengið að spila tónlistina mína fyrir ótrúlega margt fólk og draumurinn er bara að fá að halda áfram að gera það svo lengi sem ég lifi.“

Í lokin segir Daði það ómöglegt að spá hvernig þetta fer allt hjá þeim, en eitt veit hann fyrir víst, að hann og hljóm sveitin eru stolt af því sem þau ætla að bjóða þjóðinni upp á á laugardaginn kemur.

-brv

## Hrós vikunnar

**Gunnar Bjarki Rúnarsson**  
er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Gunnar Bjarki Rúnarsson

Hrós vikunar að þessu sinni fær stór vinur minn og viðskiptafélagi **Einar Björnsson**. Þvílík elja ár eftir ár að halda úti allskonar skemmtunum fyrir okkur hin. Það þarf áhuga, úthald, trú og metnað (og góða eiginkonu) til þess að halda stórar hátíðir eins og Kótilettona og fleiri skemmtanir.

Gunnar Bjarki Rúnarsson

Ég ætla að skora á elskulegan bróður minn, Svein Kristján Rúnarsson að koma með næsta hrós.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Sveinn, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



# AFMÆLISVEISLA

## Fögnum 46 ára afmæli!

**Bjóðum í afmæliskaffi miðvikudag til laugardags**

Með þakklæti fyrir öll árin bjóðum við frábær afmælistilboð

**50-80% afsláttur** af útsöluvörum

**20% afsláttur** af nýjum vörum

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN  
Eyravegji 29 · Selfossi · Sími 482 1800

## ► Býr til snyrtivörur úr útlitsgölluðu grænmeti

Bráðskemmtilegt viðtal við Ernu Hödd Pálmarsdóttur er að finna á dfs.is. Erna er frumkvöðull sem er að vinna að afar áhugaverðri hugmynd í fyrirtæki sínu Beauty by Iceland. Þar vinnur Erna snyrtivörur sem eru unnar úr útlitsgölluðu grænmeti sem annars hefði verið hent. Snyrtivörurnar eru náttúrulegar, hreinar og sporna gegn matarsóun. Við ræddum svo við Ernu um það hvernig er að vera kona og koma sér áfram í atvinnulífinu. Tilfinning Ernu er sú að konur eigi erfðara með að koma sér áfram. Þrátt fyrir það hvetur hún allar konur til að elta drauma sína og koma sér áfram með hugmyndir sínar. Viðtalið er eins og áður sagði í fullri lengd á DFS.IS undir hnappnum DFS TV.



Erna Hödd Pálmarsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Beauty by Iceland.

Myndband fylgir fréttinni á DFS TV

## Listasmiðja í Víkurskóla - Sögur af sjónum

Listakonurnar Ásthildur Jónsdóttir og Guðbjörg Lind Jónsdóttir komu í heimsókn í Víkurskóla með Listasmiðjuna Sögur af sjónum. Heimsóknin er liður í jarðvangsfræðslu Víkurskóla, en skólinn er einn af þremur jarðvangsskólum Kötlu Geopark. Allir nemendur í 1.-10. bekk tóku þátt.

Í verkefninu er lögð áhersla á að vinna listrænt með minningar og tilfinningar tengdar hafinu. Hafíð og vatnsbúskapur jarðarinnar hefur mikil áhrif á hvernig

heimurinn þróast. Það er mikilvægt fyrir alla að skilja hvernig vatn og lífið í hafinu tengist fólkinu sem býr á jörðinni. Þjóðir heims byggja afkomu sína á vatnsbúskap. Viða í heiminum eru hættulegar aðstæður vegna vatnsskorts. Verkefni Ásthildar og Guðbjargar Lindar er þverfaglegt og gefur forsendur fyrir kennara að halda áfram með vinnuna og nálgast málefni hafins út frá ólíkum upphafspunktum. Afrakstur vinnunnar verður sýndur á Barnamenningarhátíð



í sameiginlegri innsetningu í Listasafni Reykjavíkur á komandi vori.

Það er mikill fengur fyrir nemendur Víkurskóla að fá svona heimsókn. Ánægjulegt var að sjá hvað allir höfðu gaman af að skapa og læra í smíðjunni sem sannarlega færði anda hafins inn í skólann. Skólinn er afar þakklátur þessum tveimur listakönnum fyrir að koma með þetta skapandi verkefni inn í skólasterfið og þakkar Ásthildi og Guðbjörgu Lind kærlega fyrir komuna.



**82%**

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

NEI 18%

JÁ 82%

**Bolla!**  
**Bolla!**  
**Bolla?**

Ekki þurfa að bíta í það súra epli að þurfa að bíta í súrt epli meðan allir aðrir gæða sér á bollum á bolludaginn!

**GK**

**Pantið í tíma:**  
gkbakari2019@gmail.com  
Sími 777 3292



# Ráðhúsbraggablús

Á síðasta fundi bæjarráðs Árborgar voru lögð fram svör við fyrirspurnum bæjarfulltrúa D-lista um kostnað við breytingar á bókasafni og ráðhúsi, sem staðið hafa yfir frá því á miðju síðasta ári. Svörin voru ekki birt með fundargerð bæjarráðs á vefnum, en vonandi hefur verið bætt úr því nú. Í svörin vantar einnig upplýsingar um kostnað sem fallið hefur til á þessu ári, en reikningar fyrir janúar eru nú að tínast inn.

Ástæða þess að svörin voru ekki birt með fundargerðinni er kannski sú að ráðamenn vilja ekki að almenningur sjái hvernig fjármálastjórnin og stjórnsýslan í þessu litla máli hefur verið. Kostnaður fór langt fram úr áætlunum og virðist helst að það hafi verið lagt af stað í vegferð sem ekki var búð að hugsa til enda. Áætlanir voru gerðar eftir, og dugði samt ekki til að ná utan um kostnaðinn. Sótt var um byggingarleyfi löngu eftir að framkvæmdir hófust. Val á hönnuðum var gert eftir stutt spjall sviðsstjóra við hönnuðinn, sem síðan var ráðinn að verkinu. Ekki var spjallað við neina aðra. Óljóst er hver tók ákvörðun um að ráðast í verkefnið. Eingöngu er getið um spjall sviðsstjóranna og ráðgjöf Haraldar Línadal. Sviðsstjórnarnir hafa ekki heimild til að ráðast í verkefni sem ekki er fjármagnað. Því síður utan- aðkomandi ráðgjafi – átti ekki líka ráðgjöfin að miða að því að spara? Stoppa lekann?

Það er ótrúlegt, en satt, að hönnunarkostnaður var um áramótin kominn í rúmlega 18 milljónir króna, með vsk, og sér ekki fyrir endann á því. Enn er eftir að fara í 3ju hæðina og



það virðist hafa gleymst að gera ráð fyrir því að það þyrfti að uppfylla kröfur um brunahönnun verksins. Öll brunahönnun sem til staðar var í húsinu var eyðilögð og þarf því að hugsa það allt upp á nýtt og endurbýggja.

Útlit er fyrir að heildarverkið fari í a.m.k. 100 milljónir króna, og að hönnunarkostnaður muni nema um 20%. Svona stærðir eru óþekktar, nema í svokölluðum „braggamálum“. Athugið að það er ekki verið að hanna nýtt hús, það er einungis verið að breyta húsnæði, sem reyndar var líka breytt síðast þegar B- og S-listi voru við völd. Stærstur hluti hönnunarkostnaðar hefur verið greiddur fyrirtæki sem heitir Plan 21 ehf. Gott að komast í svona feitan bita án verðkönnunar, eða án þess að öðrum sé gefinn kostur á að koma í spjall um hugmyndir.

Lagt var af stað í verkefnið með fjárheimild upp á 5 milljónir króna. Sú heimild dugði fram í maí. Þá var heldur gefið í og verklegar framkvæmdir hófust. Í september var loks gerður viðauki við fjárhagsáætlun að fjárhæð 39 milljónir króna, að verulegu leyti kostnaður sem þegar hafði fallið til, og að öllu leyti kostnaður sem þegar hafði

verið stofnaði til með því að ráða verkataka til starfa. Í lok árs stóð verkið í 65,3 milljónum króna, framúrkeyrslan var þá komin í 21,3 milljónir, eða 48,4% af upphaflegri áætlun og viðauka, sem gerður var eftir. Sé eingöngu miðað við fjárheimildina sem var til staðar þegar látið var vaða í verkið er framúrkeyrslan 1.200%. Geri aðrir betur.

Áætlað er að verkið eigi eftir að kosta 40 milljónir króna til viðbótar. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þetta endar. Hefði kannski mátt nota ríflega 100 milljónir króna af almannafé í eitthvað annað? Þurfti virkilega að eyða svona stórum fjárhæðum í hönnun? Hefði mátt kaupa húsgögn sem kostuðu minna en 5 milljónir króna? Þarf að þenja stjórnsýsluna það mikið út að svona framkvæmdir séu nauðsynlegar? Hvernig má það vera að lagt sé af stað í 100 milljón króna verkefni með 5 milljónum eyðslufé í farteskinnu? Hver tók eiginlega ákvörðun um að fara í þetta verk? Hvernig enda stóru málin, ef litlu málin fara svona?

*Bæjarfulltrúar D-lista*

## Afmæli Njálurefilsins - Refillinn 7 ára

Brekkja eflaust flestir en hún er ein lengsta og jafnframt vinsælasta verk íslenskra fornbókmennta. Sagan þykir vera afburða vel skrifuð og mannlýsingar eru sérlega glöggar og getur lesandinn oftast séð persónuna fyrir sér er hann les. Það er einmitt það sem Kristín Ragna Gunnarsdóttir gerði en hún er teiknari, listamaður og hönnuður Njálurefilsins. Samkvæmt Íslenskri orðabók frá 2002 er refill „lárétt veggjald, langt og fremur mjótt, með útsaumum myndum (með refsli)“. Njálurefillinn er 90 metra langur en verkefnið snýst um að sauma Brennu-Njálssögu í hördúk með íslensku ullaargarni sem er sérstaklega litað fyrir verkefnið með íslenskum jurtum. Refillinn er hýstur í Sögusetrinu á Hvolsvelli og þar fer saumaskapurinn fram. Vinnan við refillinn hófst þann 2. febrúar 2013 og varð því 7 ára á dögnum. Haldið var upp á afmælið með



pompi og prakt í Sögusetrinu á Hvolsvelli þar sem mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, mætti ásamt Kristínu Rögnu, hönnuði refsilsins. Margt var um manninn og mikil hátíðarhöld og gestir fengu að sauma í refillinn. Búið er að fletta út reffinum í síðasta

sinn og unnið er að því að sauma síðustu myndirnar sem að öllum líkindum klárast með vorinu. Ýmsar hugmyndir eru um framtíð refsilsins og hvar hann muni verða til sýnis svo það verður spennandi að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.

## Álagning fasteignagjalda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2020



Álagningu fasteignagjalda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi árið 2020 er lokið. Hvorki verða sendir út álagningarseðlar né greiðsluseðlar vegna fasteignagjaldanna, nema þess verði óskað sérstaklega.

Á vefsíðunni Ísland.is eru álagningarseðlar birtir rafrænt undir flípanum „mínar síður“. Innskráning fer fram með veflykli skattsins eða með rafrænum skilríkjum. Kröfur birtast eins og áður í netbönkum greiðenda.

Allar nánari upplýsingar veitir Þuríður Jónsdóttir aðalbókari sveitarfélagsins í síma 486-6100, netfang dudda@skeidgnup.is

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps,  
Kristófer Tómasson sveitarstjóri.



## Sveitarfélagið ÁRBORG

### Innritun í grunnskóla skólaárið 2020–2021

Innritun barna sem eru fædd árið 2014 og eiga að hefja skólagöngu í Sveitarfélaginu Árborg haustið 2020 fer fram 14.-24. febrúar næstkomandi. Hægt er að innrita rafrænt í viðkomandi grunnskóla inni á Mín Árborg á arborg.is eða á eyðublöðum sem eru aðgengileg á heimasíðum grunnskólanna og í Ráðhúsinu. Þeim umsóknum á að skila í viðkomandi skóla.

Upplýsingar um skólahverfi hvers skóla er að finna á [www.arborg.is](http://www.arborg.is). Nemendur sem eiga skólahverfi í nýjum grunnskóla í Björkustykki innritast í Vallaskóla.

Upplýsingar um innritun er hægt að fá í grunnskólunum og hjá þjónustuveri Árborgar, s. 480 1900.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri  
Sunnulækjarskóli  
Vallaskóli

## Orlofshús Bárunnar stéttarfélags um páska 2020



Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavíkuna 8. apríl – 15. apríl 2020.

Umsóknarfrestur er til 24. febrúar nk. Hægt er að sækja um á Orlofssíðu Bárunnar, einnig verður hægt að fá aðstoð við umsóknaferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfoss eða í síma þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna, 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 28. febrúar nk. Öllum umsóknum verður svarað.

**Verð á vikuvöl í Þverlág 2, 4 og 6 og Grýluhrauni er 20.000 kr. Vikuvöl í orlofsíbúð á Akureyri er 22.000 kr. (24 punktar).**

Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags. Íbúðin Sóltúni 28, Rvk. verður úr sveigjanlegri leigu eins og verið hefur hingað til.

Báran, stéttarfélag  
Austurvegi 56, 800 Selfoss - sími 480 5000  
[baran@baran.is](mailto:baran@baran.is) – <https://www.baran.is>.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Auglýsingasíminn er 482 1944



**Búslóðaflutningar og vörudreifing**  
**Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Vilhjálmur Þórs Pálssonar,**  
Selfossi.




**Pórunn Þórhallsdóttir**  
**Bjarki Þór Vilhjálmsson**  
**Jóhanna Ýr Bjarkadóttir**  
**Pórunn Petra Bjarkadóttir**  
**Íris Hödd Pétursdóttir**  
**Dennis Kambskarð**  
**Gunnar Ellert Peiser**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, bróður og afa,

**Hjalta Sigurjónssonar,**  
Raftholti, Holtum.



**Jóna Heiðbjört Valdimarsdóttir**  
**Ágústa Kristín Hjaltadóttir**  
**Sigurjón Hjaltason**  
**Guðrún Margrét Hjaltadóttir**  
**Valdimar Hjaltason**  
**Hrefna María Hagbarðsdóttir**  
**Hermann Sigurjónsson**  
og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Pórunnar Einarsdóttur**  
húsmóður,  
Reynivöllum 1, Selfossi.



**Bertha Sigrún Jónsdóttir**  
**Sigríður Jónsdóttir**  
**Einar Jónsson**  
**Ragnhildur Jónsdóttir**  
**Guðbrandur Jónsson**  
**Ingólfur Rúnar Jónsson**  
**Sveinn Þórarinn Jónsson**  
**Brynildur Jónsdóttir**  
**Matthildur Jónsdóttir**  
**Pétur Guðjónsson**  
**Hjörleifur Þór Ólafsson**  
**Anton S. Hartmannsson**  
**Guðrún Edda Haraldsdóttir**  
**Svanborg B. Þráinsdóttir**  
**Selma Sigurjónsdóttir**  
**Guðjón Kjartansson**  
**Hjörtur Bjarki Halldórsson**  
barnabörn og barnabarnabörn

## Viktoría

Uppskriftnin að þessu sinni er að sparilegri húfu með kanti sem er heklaður með rússnesku hekli, þéttur og skjólgóður og síðan er prjónað ofan við hann.

Í húfunu eru notaðar tvær gerðir af ítölsku garni. Annað er PERLE sem er úr mohair- og silkiblöndu ásamt fallegum litlum perlum og fæst í nokkrum ljósum litum og einnig svörtu. Hitt er ISABELLA sem er blanda úr ull, silki og bómull og er til í nokkrum ólíkum litum. Það er sérlega létt garn. Sannarlega húfa sem hæfir hvaða drottningu sem er.

**Efni og verkferi:** Ein dokka af hvorri garntegund (lítill afgangur), heklunál nr 6 sem er mjó alla leið, hringprjón nr 6, 60 sm og sokkprjónar nr 6.

Kanturinn er heklaður með rússnesku hekli sem er kallað Tunesian crochet fyrir þá sem vilja skoða kennslumyndbönd á netinu. Notaður er einn þráður af hvoru garni.

Byrjið á að gera 14 ll. Síðan eru sóttar lykkjur í allar ll, sú fyrsta í 2. ll. Alls eiga að vera 14 1 á nálinni þegar kemur út á enda. Síðan er farið til baka þannig: Heklið í gegnum fyrstu lykkjuna og eftir það alltaf í gegnum nýjustu lykkjuna og næstu lykkju þangað til ein lykkja er eftir. Í næstu umferðum eru lykkjurnar sóttar í gegnum lykkjurnar sem nú liggja langsum í umferðinni fyrir neðan. Athugið að alltaf eru 14 lykkjur á nálinni þegar komið er út á enda.

Þegar búið er að gera 74 umferðir ætti stykkið að vera hæfilega langt utan um höfuð sem er 56 sm í ummál. (Það er því hægur vandi að gera minni eða stærri húfu.) Saumið nú endana saman með ISABELLA þræðinum. Gott er að gera þetta frá réttunni til að gera samskeytin sem snyrtilegust og gætið þess að brúnirnar séu jafnar. Perlurnar sem hafa lent á röngunni er auðvelt að ýta í gegn svo þær njóti sín.

Þá tekur við prjónaði hlutinn og hann er gerður með tveim þráðum af ISABELLA. Efri brún kantsins er sú sem er með heilar lykkjur. Heklið lykkjur upp á heklunálina í gegnum endalykkjurnar frá röngunni og setjið þær jafnðum upp á hringprjóninn. Alls ættu að vera 75 lykkjur á prjóninum þar sem hæfilegt er að taka upp eina aukalykkju við samskeytin. Snúðið stykkinu við svo réttan snú fram og prjónið (til baka) slétt prjón. Aukið út í fyrstu umferðinni með því að prjóna tvisvar



í þriðju og fjórðu hverja lykkju til skiptis. Þá ættu að vera á prjóninum 96 lykkjur. Ef verið er að gera minni eða stærri húfu þarf bara að hafa í huga að lykkjurfjöldinn þarf að vera deilanlegur með 8 og ef ekki má bæta við þeim lykkjum sem upp á vantar. Prjónið 3 umferðir slétt.

\* Prj 7 sl 1 og síðan 1 br 1 \*. Endurtakið \*-\* út umferðina.

Prjónið 4 umf sl. Prj 3 sl 1, \* 1 br 1, 7 sl 1 \*. Endurtakið \*-\* út umferðina sem endar á 4 sl 1.

Prjónið 4 umf sl. \* Prj 7 sl 1 og síðan 1 br 1 \*. Endurtakið \*-\* út umferðina. Prjónið 4 umf sl.

### Úrtaka:

Skiptið yfir á sokkprjóna þegar hentar. Prjónið saman sl 7. og 8. hverja lykkju allan hringinn. Prjónið 2 umf. Prjónið saman sl 6. og 7. hverja lykkju allan hringinn. Prjónið 2 umf. Prjónið saman sl 5. og 6. hverja lykkju allan hringinn. Prjónið 2 umf. Prjónið saman sl 4. og 5. hverja lykkju allan hringinn. Prjónið 1 umf. Prjónið saman sl 3. og 4. hverja lykkju allan hringinn. Prjónið 1 umf. Prjónið saman sl 2. og 3. hverja lykkju allan hringinn. Prjónið 1 umf. Prjónið saman 2 sl út umferðina tvisvar. Slítið frá og dragið endann í gegnum lykkjurnar.

Gangið frá endunum. Þvöið húfunu úr volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



**Hannyrdabúðin**

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



## Kökubasar til styrktar fjölskyldu á Eyrarbakka

Fórelðrar og starfsmenn fjórða bekkjar í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri munu halda kökubasar til styrktar Hlöðveri Þorsteinssyni og konu hans, Þóru Ósk Guðjónsdóttur þann 15. febrúar nk. á Stað á Eyrarbakka. Í tilkynningu frá fórelðrum segir: „Við viljum rétta þeim hjálparhönd á þessum erfiðu stundum, en þau eru búin að lenda í hverju áfallinu á fætur öðru. Fyrir tæpu ári fékk Hlöðver heilablöðfall sem gerði það að verkum að hann var lengi á sjúkrahúsi og fór síðan í kjölfarið í langa endurhæfingu á Grensás. Þóra er með lömunarsjúkdóm. Þau eiga 3 börn. Í byrjun febrúar

datt Hlöðver úr stiga heima hjá sér og fékk slæman heilahristing o.fl. meiðsl. Hann er búinn að vera á sjúkrahúsi síðan þá og er mjög illa áttaður og mun þurfa endurhæfingu á nýjan leik. Þrátt fyrir þessi áföll og fleiri sem hafa dunið á þeim eru þau alltaf brosandi og jákvæð og ávallt reiðubúin að rétta öðrum hjálparhönd, svo nú er komið að okkur að hjálpa þeim.“

Kökubasarinn verður á Stað, Eyrarbakka, laugardaginn 15. febrúar frá klukkan 12. Allir eru hvattir til að mæta og kaupa kökur og styðja þannig við bakið á fjölskyldunni. Þá biðja aðstandendur söfnunarinnar þá

sem það geta að gefa kökur á basarinn þannig að nóg verði í boði. Tekið verður á móti kökum frá kl. 11.30 á Stað.

Þá er hægt að leggja inn á söfnunarreikning og styðja þau þannig beint. Reikningsnúmerið er: 0123-15-100291, kt. 131273-5419.



## Nýr prjónaklúbbur á Kaffi Selfossi

Ungir, gamlir, reyndir og nýir voru hvattir til að hittast og prjóna á Kaffi Selfossi sl. þriðjudag. Óhætt er að segja að góð mæting hafi verið og komið skipuleggjendum á óvart, en alls mætti 21 kona, en karlmenn eru auðvitað velkomnir líka séu þeir með prjónana meðferðis. Margir sögðust fegnir að fá tækifæri til að hitta aðra sem hafa sama áhugamál. Bæði til að spjalla, fá ráð, leiðbeiningar eða hitta aðra. Að prjóna er dálítið sóló verkefni, en þarf alls ekki að vera það ef marka má viðtökurnar. Blaðamaður hitti forsprakka verkefnisins og spurði nánar út í þessa nýjung í menningarlífi Árborgar.

### Erum báðar aðfluttar og langar að kynnast fólki

Það eru prjónakonurnar Steinunn Kristín Pétursdóttir og Ólöf Inga Stefánsdóttir sem standa á bakvið prjónaklúbbinn sem hittist nú á hverjum þriðjudegi kl. 19:30 á Kaffi Selfossi. Báðar eru þær aðfluttar og langar að kynnast fleirum. „Okkur langaði dálítið að komast inn í samfélagið, ekki bara flytja hingað og sækja allt eitthvað annað, heldur koma og vera með og kynnast fólki og leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins“, segir Steinunn brosandí. Þær kynntust hvor annarri í kringum prjónaskapinn og aðspurðar segja þær tilviljun hafa ráðið því að hafa báðar endað á Selfossi. Þrátt fyrir að miklar vegalengdir hafi verið á milli þeirra áður en þær fluttu austur stofnuðu þær fyrirtækið Prjónaklúbbinn og reka netverslun með prjónavörur og upp-skriftir. „Það er þó rétt að það



komi fram að við erum ekki að selja neitt þarna. Aðalmálið er að við séum að koma saman,“ segir Ólöf með áherslu.

### Breiður hópur og skemmtilegt stemning

Eins og áður kom fram voru rúmlega 20 konur sem mættu þetta kvöld. „Þær komu hvaðan-æva að. Ég þekkti þrjár en hafði ekki hugmynd um hverjar hinar voru. Það kom ein úr Hveragerði, nokkrar úr Flóanum og tvær úr Rangárþingi. Þá komu einmitt konur í sömu stöðu og við, ný fluttar á Selfoss og þekktu fáa,“ segir Ólöf. Þegar þær eru spurðar um aldursbilið segja þær: „Þetta voru konur á öllum aldri, frá kannski rétt tæplega þritugt til um og yfir sjötugt.“ Stemningin var mjög skemmtileg og augljóst að allir þekktu kannski einhvern en alls ekki alla. „Það var svo mikil gleði og það var hlegið svo mikið. Svo voru allir að spjalla saman um garnið og prjónastykkinn. Ég vissi að þetta yrði skemmtilegt en þetta var langt umfram það,“ segir Steinunn hlæjandi.

### Prjónaskapurinn á uppleið aftur

Undirritaður hefur á tilfinningunni að prjónaskapur sé

að komast í tísku aftur. Það lá því beint við að spyrja hvort sá grunur reyndist á rökum reistur. „Það eru mjög margar ungar konur að prjóna í dag. Og þetta er á uppleið aftur.“ Og hvað er það við prjónið sem laðar að? „Það er búið að gera rannsóknir á þessu sem sýnir að prjónið sé sambærilegt jóga. Getum talað um þetta sem núvitund og að trappa sig niður eftir daginn,“ segir Ólöf. Þá skýtur Steinunn inn í: „Þetta er skapandi og svo örvar þetta mann aðeins. Þjálfar heilann alveg heilan helling.“

### Um að gera að líta við og fá sér kaffi og prjóna saman

Ólöf og Steinunn segja að þeim hafi verið tekið opnum örmum á Kaffi Selfoss með að hafa kvöldin þar. „Við erum búnar að plana það að við verðum þarna alla þriðjudaga. Þá getur fólk valið hvort það mæti einu sinni í viku eða bara einu sinni í mánuði. Þá eru allir prjónandi einstaklingar velkomnir. Þá má líka koma þó maður kunni ekki að prjóna. Og þó þetta sé kannski ekki námskeið er örugglega einhver sem getur komið þér af stað,“ segja Steinunn og Ólöf að lokum. -gpp

## Ofurskálin 2020 í Pakkhúsinu á Selfossi

Það er sífellt að verða vinsælla að horfa á Super Bowl eða Ofurskálina, sem er úrslitaleikur í ameríska fótboltanum. Félagsmiðstöðin Pakkhúsið á Selfossi hefur í nokkur ár haldið í þessa hefð, að bjóða til sín áhugafólki um úrslitaleik NFL deildarinnar að mæta og fagna saman. Þetta er orðinn lang stærsti viðburðurinn í Pakkhúsinu á Selfossi að sögn starfsmanna Pakkhússins en aldurinn er á bilinu 16 - 25 ára þó að inn slæðist örlítið eldri áhugamenn sem láta lítið fyrir sér fara.

### Maturinn er jafn mikilvægur og leikurinn

Mikil stemning og góð mæting var á kvöldinu en boðið var upp á kjúklingavængi, eðlu og snakk ásamt fleira góðgæti. Eins og allir vita er stór hluti hátíðarinnar einmitt að narta í kjúklingavængi með eldheitri sósu ásamt öðru krudferi. Í Bandaríkjunum er það aðeins Þakkargjörðarhátiðin sjálf sem fer fram úr Ofurskálinni hvað matarneyslu varðar. Það er eitthvað undursamlega amerískt og gott við þetta! Meðan



Hluti hópsins búinn að koma sér fyrir og fylgist spennur með framgangi mála.

matnum er skolað niður er hægt að horfa á leikinn og auðvitað auglýsingarnar sem allir hafa beðið eftir. Stærstu fyrirtæki heims keppast við að kaupa dýrasta auglýsingapláss sjónvarpsins og framleiða flottustu auglýsinguna.

### Treyjurnar pantaðar eftir krókaleiðum

Þá var boðið upp á allskonar leiki sem tengdust Ofurskálinni m.a. að tippa og happdrætti. Í vinning voru að sjálfsögðu alvöru treyjur úr NFL – deildinni. Treyjurnar voru pantaðar með löngum fyrirvara og voru sendar heim

eftir krókaleiðum. Hjónin sem sáu um að koma treyjunum til landsins, vinafólk móður eins í starfsmannahópnum, gáfu sendingarkostnaðinn því þau voru svo ánægð með áhugann á íþróttinni meðal Selfyssinganna. Eftir átið, leikna, óskiljanlegar reglurnar og vinninga kvöldsins fóru þeir síðustu heim undir morgun. Frí var í skólum þann dag þannig að nemendur gátu sofnið úr sér Ofurskálarpreytuna. Það er ljóst að áhugi á ameríska fótboltanum er sífellt að vinna á og reglurnar síast inn með hverju ári! -gpp

## Bændur athugið!

Vegna mikillar eftirspurnar, óskum við eftir nautgripum til slátrunar.

Pantanir í síma 512 1100 eða slh@slh.is.

Slátruhúsið Hellu hf.



Lelkdelld Ungmennafélags Biskupstungna kynnr:

# Allir á sviðið



Gamanleikrit eftir Michael Frayn í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar

Frumssýning – 14. febrúar  
15. febrúar – 2. sýning  
19. febrúar – 3. sýning  
22. febrúar – 4. sýning  
23. febrúar – 5. sýning  
26. febrúar – 6. sýning  
28. febrúar – 7. sýning  
29. febrúar – 8. sýning

Sýnt er í Aratungu og allar sýningar hefjast kl. 20.00

Miðaverð: 3000  
Eldri borgarar: 2000  
Börn: 1500 (grunnskólaaldur og yngri)

Leikhúsmatseðill verður í boði Mika Borðapantanir í síma 486-1110 eða mika@mika.is



Upplýsingar og miðapantanir í síma 896-7003

## Þjóðsaga til næsta bæjar

Sýning fyrir alla fjölskylduna

Leikstjóri, höfundur leikgerðar og tónlistar:

Örn Árnason  
Útsetning tónlistar:  
Birgir Jóhann Birgisson

4. sýning laugardag 15. febr. kl: 14:00  
5. sýning sunnudag 16. febr. kl: 14:00  
6. sýning laugardag 22. febr. kl: 14:00  
7. sýning sunnudag 23. febr. kl: 14:00  
8. sýning laugardag 29. febr. kl: 14:00  
9. sýning sunnudag 1. mars kl: 14:00  
10. sýning laugardag 7. mars kl: 14:00  
11. sýning sunnudag 8. mars kl: 14:00

Miðaverð kr. 1,500- fyrir börn 12 ára og yngri. Fullorðnir kr. 3,000-

Miðapantanir í síma 863-8522

Sýnt í Leikhúsinu Austurmörk 23.





## Aðalfundur

Félags eldri borgara í Hveragerði verður haldinn fimmtudaginn 20. febrúar 2020 kl 14: 00 í Þorlákssætri.

### Fundaefni:

Skýrsla stjórnar  
Skýrsla gjaldkera  
Kosning stjórnar og skoðunarmenn reikninga  
Lagabreyting og Önnur mál

Kaffihlaðborð kr. 1.500.-

## Stjórn FEBH

Vantar þig aðstoð við að kaupa inn? eða ert þú í vandræðum með að komast til læknis?

Við getum hjálpað þér!  
Skutlum þér hvert sem er á pöntuðum tíma og aðstoðum við erindið.  
Hafðu samband í síma 775 4309 og heyrðu í okkur

Ewa og Wieslaw

## Hagkvæmar lausnir fyrir þitt fyrirtæki

- Reglulegar ræstingar
- Alhliða hreingerningar
- Bónleysing, bónun og viðhald gólfa
- Teppahreinsun
- Sérhæfð þrif á steinteppum
- Vélskúrun
- Önnur sérverk

Hafið samband við Krístrúnu S: 693 4934

kristrun@dagar.is

Léttum þér lífið  
**dagar**

# Um fasteignagjöld

**Tómas Ellert Tómasson**

bæjarfulltrúi M-lista Miðflokksins og formaður Eigna- og veitunefndar í Svf. Árborg.



Það er ánægjulegt að sjá greinar frá íbúum sveitarfélagsins sem eru jafn málefnalega fram settar og grein sem birtist í síðustu Dagskrá. Greinarhöfundur fjallaði þar um fasteignagjöld í Árborg og óskaði eftir svörum við því hvort unnt væri að milda hækkunar á fasteignagjöldum með einhverjum hætti.

### Hvað er fasteignamat?

Samkvæmt skilgreiningu er fasteignamat gangverð fasteignar, umreiknað til staðgreiðslu, sem ætla má að eignin hefði haft í kaupum og sölum. Fasteignamatid byggir á upplýsingum úr þinglýstum kaupsamningum auk fjölmargra annarra þátta sem hafa áhrif á verðmæti fasteigna. Með öðrum orðum, þá endurspeglar fasteignamat söluvirði fasteignar.

Fasteignamat húss og lóðar er mjög mismunandi eftir því hvar á landinu eignin er staðsett. Samkvæmt úttekt Byggingastofnunar á síðasta ári er matið langhæst í Suður-Þinghóltum í Reykjavík, um 150% herra en á Selfossi þar sem fasteignamat er það fjórða hæsta á landsbyggðinni á eftir Akureyri, Keflavík og Akranesi og næst á undan Hveragerði.

Undanfarin ár hefur Svf. Árborg þótt eftirsóknarverður staður til að búa á, sem er vel. Mikil eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hefur hækkað fasteignaverð og þar með þrýst fasteignamatinu upp á við. Hvort um fasteigna-

bólu sé að ræða eða ekki, er allavega ljóst að söluvirði fasteigna hefur hækkað mikið á undanförunum árum í Svf. Árborg.

### Fasteignagjöld í Árborg

Til fasteignagjalda teljast auk fasteignaskatts, lóðarleiga, fráveitugjald, vatnsgjald og sorpgjald. Frá því að núverandi bæjarstjórnarmeirihluti tók við stjórnartaumunum í júní 2018, hefur hann unnið ótulllega að því að milda hækkunar á fasteignagjöldum á milli ára.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts, hefur sem dæmi verið lækkað tvívegis til að bregðast við hækkunum á fasteignamati og í fyrsta sinn í sögu Svf. Árborgar var álagningarhlutfallið á atvinnuhúsnæði lækkað við gerð síðustu gjaldskrár ásamt því að vatnsgjald var lækkað en ekki hækkad.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði hefur verið lækkað um 22% í Árborg frá árinu 2018 til að koma til móts við fasteignaeigendur. Ekkert sveitarfélag á landinu hefur lækkað álagningarhlutfallið meira á tímabilinu, að undanskildum Reykjanesbæ sem var að losna undan klóm eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga sem skyldaði Reykjanesbæ til að hafa álagningarhlutfall fasteignaskatts í hæstu hæðum. Staðan í dag er sú að fasteignaskatturinn sjálfur í krónum talið per íbúð er einna lægstur í Svf. Árborg á landinu öllu.

Fráveitugjaldi er ætlað að greiða fyrir rekstur og framkvæmdir við fráveituna. Það liggur fyrir að Svf. Árborg er að fara í mikla fjárfestingu vegna hreinsistöðvar á Selfossi sem mun kosta um 1,5 milljarð króna. Auk þess var tekin

ákvörðun um það sl. haust að spýta í lófanna hvað varðar endurbætur á götum og fráveitulögnum í eldri hverfum og fyrir liggur að fara í nauðsynlegar framkvæmdir við fráveitu á Eyrarbakka og Stokkseyri. Nú þegar hefur verið kostað til um 1,5-2 milljörðum króna á núvirði á undanförunum árum í gerð stofnræsa til fækkunar á útrásum í Ölfusá í eina. Að framangreindu má sjá, að það er mikið hagsmunamál fyrir Svf. Árborg að vsk. af fráveituframkvæmdum verði felldur niður og berjumst við bæjarfulltrúar hart fyrir því að Alþingi muni setja niðurfellinguna á dagskrá fjárlaga í haust.

Það sem stingur í stúf hvað varðar heildarupphæð fasteignagjalda í Árborg í samanburði við önnur sveitarfélög eru há sorphirðu- og sorpurðunargjöld. Von er til þess að sorpgjöldin muni lækka töluvert á næstu misserum. Í burðarliðnum er nýr samningur um förgun sorps, sem felst í því að flytja sorpið úr landi sem hráefni í orkuendurvinnslu erlendis í stað þess að urða það hér á landi sem mun lækka þann kostnað um 40%. Á vormánuðum mun síðan fara fram útboð á sorphirðu sveitarfélagsins sem mun vonandi lækka þann gjaldalið umtalsvert.

Sem svar við því, hvort unnt sé að milda hækkunar á fasteignagjöldum með einhverjum hætti, þá vonast ég frekar til þess að hið gagnstæða gerist, þ.e. að fasteignagjöldin muni lækka er fram líða stundir og verða í framtíðinni með þeim lægstu á landinu í stað þeirra hæstu eins og verið hefur undanfarin áratug.

# Verum saman, það er gaman!

### Velkomin í Hamarshöll

Opið hús fyrir fjölskylduna í vetrarfríinu frá kl. 10 – 12 alla daga, aðgangur ókeypis fyrir fjölskyldur.

Íþróttafélagið Hamar býður uppá kynningu á fjölbreyttu starfi deildarinnar dagana 2. og 3. mars nk. kl. 10 – 13 og verða þjálfarar með fótþolaleiki, fimleikafjör, badminton og síðan er fjáls leik-

ur með foreldrum/forráðamönnum.

### Velkomin í sund

Sundlaugin Laugaskarði býður afsláttargjald fyrir fjölskylduna frá kl. 10 – 17

2 fullorðnir og 2 börn kr. 1750.

Opið virka daga frá kl. 06:45 – 20:30 og um helgar frá kl. 10:00 – 17:30



### Velkomin í Listasafn Árnesinga

Lærið að búa til skemmtileg og litríkt origami. Allt efni á staðnum og þátttaka ókeypis.

Origami er japönsk list við pappír brot sem hefur öðlast vinsældir utan Japans og er eitt af listformum nútímans.

Markmið origami er að móta skúlptúr úr flötum pappír með því að brjóta hann saman. Í origami er pappír hvorki klipptur né límdur.

Einnig eru Manga teiknimyndabækur á safninu þar sem hægt er að læra að teikna eftir vissum reglum Manga-teiknimyndasögunnar sem sterk hefð er fyrir í Japan.

Opið fimt. – sunnudaga frá kl. 12 – 18, aðgangur ókeypis.

Þjónustuaðilar í Hveragerði bjóða ávallt gesti velkomna.



# VÉLSTJÓRN OG VIÐHALD

Kuldaboli ehf. leitar að starfsmanni til þess að sinna vélgæslu og viðhaldi á vélum og tækjum félagsins í Þorlákshöfn. Reynsla og kunnátta á frystivélum er æskileg.

Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á [kuldaboli@kuldaboli.is](mailto:kuldaboli@kuldaboli.is) fyrir 29. febrúar 2020.



Kuldaboli rekur frystigeymslu, ísverksmiðju og löndunarþjónustu fyrir skip og báta. Fastir starfsmenn eru sjö.



Aðalfundur Kvenfélags Selfs verður haldinn þriðjudaginn 18. febrúar 2020 í Selinu kl. 19:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Lagabreytingar.

Léttur kvöldverður er í upphafi fundar. Verð kr. 2000.

Allir velkomnir.

Tilkynnið þátttöku fyrir laugardaginn 15. febrúar til: Jónu í síma: 892 8453 eða netf. [jss@smart.is](mailto:jss@smart.is) eða Sigríðar 698 7952 netf. [bjossi.siddy@simnet.is](mailto:bjossi.siddy@simnet.is).

Stjórnin

## Kammerkór Norðurlands

20 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

Skálholtskirkja  
15. febrúar 2020  
Kl. 16:00

NÝ OG ELDRI LÖG VIÐ LJÓÐ  
DAVÍÐS STEFÁNSSONAR  
ÚR SVÖRTUM FJÖÐRUM



### Aðalfundur Félags eldri borgara, Selfossi

Samkvæmt lögum FEB skal halda aðalfund fyrir febrúarlok ár hvert. Boða skal til aðalfundar með minnst viku fyrirvara í héraðsblaði eða útvarpi og í þjónustumiðstöðinni.

Hér með er því boðað til aðalfundar FEB fimmtudaginn 20. febrúar kl. 14:00.

Fundurinn verður haldinn í Mörk, félagsmiðstöð, Grænumörk 5, Selfossi

#### Dagskrá:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið ár.
- Endurskoðaðir ársreikningar kynntir og bornir upp til samþykktar.
- Lagabreytingar.
- Árgjöld félagsmanna ákveðin.
- Kosningar: Kjósa skal eftirfarandi:
  - Hluta stjórnar og varastjórnar sem setið hefur í tvö ár.
  - Tvo skoðunarmenn ársreikninga.
  - Fulltrúa í kjörnefnd sbr. 6. grein.
  - Fulltrúa á þing Landssambands eldri borgara auk formanns félagsins sem er sjálfkjörinn. Fjöldi þeirra er samkvæmt lögum FEB hverju sinni.
- Afgreiðsla ályktana
- Önnur mál.

Stjórnin

### Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í: „Stígar í Árborg 2020“

Verkið felur í sér malbikun, gerð burðarlags og jarðvegsskipti þar sem það á við á stígum í Árborg.

#### A: Eyrarbakkastígur að Kaldaðarnesvegi:

Verktaki skal jafna og þjappa núverandi styrktarlag, leggja út burðarlag (5cm þykkt), jafna og þjappa það og malbika síðan göngustíg (malbiksbreidd 2,5 m).

#### B: Selfoss: Stígar í Tjarnhverfi:

Verktaki skal jafna og þjappa núverandi styrktarlag, leggja út burðarlag (5 cm þykkt), jafna og þjappa það og malbika síðan göngustíg (malbiksbreidd 2,5 m). Mögulega þarf að jarðvegsskipta einhvern hluta stíganna.

#### C: Stokkseyri: Stígar við Blómsturvellir:

Verktaki skal grafa óburðarhæf jarðlög uppúr stíg, leggja út styrktarlag, burðarlag og að lokum malbika stíg, malbiksbreidd 2,0 m.

#### Helstu magntölur eru:

Gröftur	350 m <sup>3</sup>
Jöfnun og þjöppun á fyllingu	6000 m <sup>2</sup>
Styrktarlag	560 m <sup>3</sup>
Burðarlag, efni	440 m <sup>3</sup>
Burðarlag, útjöfnun og þjöppun	6330 m <sup>3</sup>
Malbik Y8	5250 m <sup>2</sup>

#### Verkinu skal að fullu lokið 1. ágúst 2020.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 13. febrúar 2020. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu á Suðurlandi með tölvupósti í netfangið [ba@efla.is](mailto:ba@efla.is) og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til Eflu verkfræðistofu, Austurvegi 1-5, 800 Selfoss fyrir kl. 11.00 mánudaginn 2. mars 2020 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

#### Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar



Sveitarfélagið  
ÁRBORG

# Íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

## Eva María sjöunda á NM

**FRJÁLSAR** Norðurlandamótið í frjálsíþróttum innanhúss fór fram í Finnlandi um helgina. Ísland tefldi fram sameiginlegu liði með Danmörku gegn liðum frá Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Selfyssingurinn Eva María Baldursdóttir, sem er einungis 16 ára gömul, var ein þeirra níu Íslendinga sem voru valin í sameiginlegt lið Íslands og Danmerkur.

Eva María varð í sjöunda sæti í hástökki þegar hún vippaði sér yfir 1,70 metra. Hún reyndi í kjölfarið við 1,75 metra en felldi þrívægis. Sigurvegari var Tonja Angelsen frá Noregi sem stökk yfir 1,88 metra. Frábær árangur hjá Evu Maríu og mikilvægt



Eva María vippaði sér yfir 1,70 metra á NM. Ljósmynd: Umf. Selfoss

veganesti í reynslubankann að fá að keppa við þær bestu á Norðurlöndunum.

Eva María á best 1,73 metra


innanhúss og er það HSK-met í flokkum 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára. Hún keppir næst á MI innanhúss helgina 22.-23. feb.

## Tvö stig sótt norður

**HANDBOLTI** Selfoss gerði góða ferð norður í land um helgina og sóttu tvö stig úr greipum KA-manna með fimm markum sigri 26-31.

Heimamenn byrjuðu leikinn af krafti og vörn Selfyssinga var jafnframt á hælunum. KA komst snemma yfir í leiknum og virtust vera að fara að sigla lengra fram úr en ungur markmaður Selfoss, Alexander Hrafnkelsson, tók þá nokkra góða bolta meðan liðið stíllti sig af. Fyrri hálfleikur var jafn eftir það og staðan að honum loknum var 13-14.

Vörn gestanna af flatlendinu þéttist enn frekar í síðari hálfleik og sigu Selfyssingar hægt og bitandi fram úr.



Að endingu vannst nokkuð góður sigur, 26-31.

Mörk Selfoss: Haukur Þrastarson 11/2, Einar Sverrisson 5/1, Atli Ævar Ingólfsson og Magnús Öder Einarsson 4, Alexander Már Egan 3, Guðni Ingvarsson 2, Ísak Gústafsson og Hannes Höskuldsson 1. Varin skot: Alexander Hrafnkelsson 20.

Selfyssingar sitja í sjötta sæti Ólísdeildarinnar með 21 stig í gríðarlega jafnri og spennandi baráttu sjö liða um toppsæti deildarinnar og heimaleikjaréttinn í úrslitakeppninni sem hefst í apríl. Næsti leikur hjá strákunum er gegn Aftureldingu í Hleðsluhöllinni mánudaginn 17. febrúar kl. 19:30. -áþg

## Bikarskellur í Mýrinni

**HANDBOLTI** Selfoss steinlá á móti Stjörnunni, 34-21, þegar liðin mættu í Coca-Cola bikarnum í seinustu viku.

Stjarnan skoraði fyrstu tvö mörkin en Selfyssingar náðu að jafna í 3-3 og 4-4. Eftir það náðu heimamenn úr Gardabænum frumkvæðinu og við tók langur kafli þar sem ekkert gekk upp hjá Selfyssingum en flest skot Stjörnumanna enduðu í netinu. Staðan í hálfleik 16-8.

Seinni hálfleikur virtist ætla að fara af stað eins og sá fyrri endaði, en jafnvægi komst fljótlega á leikinn. Selfyssingar náðu nokkrum stöppum í vörninni og fengu nokkur mörk upp úr því. Það breytti því ekki að í hvert skipti sem Selfyssingar fengu tækifæri til að minnka muninn vildi boltinn ekki inn. Stórsigur Stjörnumnar staðreynd, 34-21.

## Fjórir á palli á RIG

**TAEKWONDO** Keppni í taekwondo á Alþjóðlegu Reykjavíkurlæikumunum (RIG) fór fram sunnudaginn 2. febrúar og átti Selfoss fjóra keppendur á mótinu sem allir enduðu á palli.

Í bardaga hlaut Sigurjón Bergur Eiríksson gullverðlaun í -80 kg flokki karla þar sem úrslitin réðust á síðustu 30 sekúndum eftir mjög jafnan bardaga. Björn Jóel Björgvinsson hafnaði í öðru sæti í -73 kg junior flokki

karla, Egill Kári Gunnarsson keppti í sama flokki þar sem hann keppti við Björn og hafði Björn betur en Egill uppskar bronsið.

Í fornum hlaut Þorsteinn Ragnar Guðnason þrenn gullverðlaun í einstaklings, para og hópaformum. Egill Kári hlaut gullverðlaun í einstaklingsformum og silfurverðlaun í hópaformum. -djp



Þorsteinn Ragnar með gullsafnið sitt frá mótinu. Ljósmynd: Umf. Selfoss



Sigurjón Bergur var að vinna sinn fyrsta sigur í senior-keppni í mörg ár. Ljósmynd: Umf. Selfoss

## Clara semur við Selfoss

**KNATTSPYRNA** Unglingalandsliðskonan Clara Sigurðardóttir skrifaði í seinustu viku undir tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Clara, sem er 18 ára gamall miðjumaður, hefur leikið 57 leiki í efstu deild og bikar með ÍBV en hún er uppalin í Vestmannaeyjum. Þá hefur hún leikið 6 leiki með U19 ára landsliði Íslands, 16 leiki með U17 og 13 leiki með U16.

„Við erum mjög ánægð með að leikmaður á hennar kaliberi vilji koma í knattspyrnukademiuna í Fjölbrautaskóla Suðurlands og spila með Selfoss. Hún mun klárlega styrkja



Clara í herbúðum Selfoss. Ljósmynd: Umf. Selfoss/GKS

hópin og liðið okkar. Þrátt fyrir ungan aldur er hún með mikla reynslu og við hlökkum mikið til að vinna með henni,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss.

## Frjálsíþróttadeildin er til fyrirmyndar

**FRJÁLSAR** Aðalfundur frjálsíþróttadeildar Selfoss fór fram í Tíbrá fimmtudaginn 6. febrúar. Á fundinum voru veittar viðurkenningar til iðkenda fyrir árangur seinasta árs auk þess sem stjórn deildarinnar var að langmestu leyti endurkjörin. Starfsemi deildarinnar er til mikillar fyrirmyndar og rekstur í föstum skorðum.

Á fundinum fékk deildin endurnýjun viðurkenningar sinnar sem Fyrirmyndardeild ÍSÍ en Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ eru gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snúa að íþróttastarfi. Er þetta viðurkenning á því að deildin standist gæðaviðurkenningu ÍSÍ fyrir íþróttastarf. -gj



Verðlaunahafar í efri röð f.v. Daniel Breki Elvarsson hlaut framfarabikar 14 ára og yngri, Hjalti Snær Helgason hlaut framfarabikar frjálsíþróttadeildar, Eva María Baldursdóttir afreksmaður frjálsíþróttadeildar og Alfrún Diljá Kristínardóttir afreksmaður 14 ára og yngri. Neðri röð f.v. Hróbjartur Vigfússon og Anna Kristín Bjarkadóttir sem hlutu verðlaun fyrir góða mætingu í flokkum 10 ára og yngri. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Gissur

**Leikmenn mánaðarins**  
Knattspyrnudeild Selfoss  
Febrúar 2020



**Katrín Ágústsdóttir**  
Leikmaður 3. flokks kvenna



**Viktor Logi Sigurðsson**  
Leikmaður 5. flokks karla

selfossfotbolti      selfoss.net/knattspyrna

# Flottur árangur hjá ungum Görpum

**BORÐTENNIS** Borðtennisiðkendur í íþróttafélaginu Garpi hafa staðið sig vel á aldursflokka-mótaröðinni í vetur. Síðastliðna helgi voru veitt verðlaun fyrir heildarstigasöfnun á mótaröðinni og þar átti Garpur þrjá á palli. Lisbeth Viðja Hjartardóttir endaði í fyrsta sæti í flokki telna f. 2007-2008. Jökull Ernir Steinarsson varð í öðru sæti í hnokkaflokki f. 2009 og síðar. Að lokum var það Anton Óskar Ólafsson sem hlaut bronsverðlaun í flokki pílta f. 2007-2008.



Jökull, Lisbeth og Anton.

## Níu HSK-met á MÍ öldunga

**FRJÁLSAR** Sex karlar af sambandsvæði HSK tóku þátt í Meistaramóti í öldunga í frjálsum sem fram fór í Reykjavík um síðustu helgi og settu fjórir þeirra HSK-met.



Ólafur Guðmundsson Selfossi setti fjögur met í flokki 50-55 ára. Hann þrífætti metið í langstökki, stökk lengst 5,25 metra og þá bætti hann met Jason Ívarssonar í þristökki um 17 sentimetra, stökk 9,88 metra.

Guðbjörn Árnason úr Dimoni tvífætti met Yngva Karls Jónssonar í hástökki í 55-59 ára flokki, stökk hæst 1,44 metra, en gamla metið var 1,40 m.

Ingvar Garðarsson Umf. Skeiðamanna bætti HSK-met Markúsar Ívarssonar í 800 metra hlaupi í flokki 60-64 ára, en hann hljóp á 2:49,31 mín. og bætti metið um rúmar sex sekúndur.

Loks tvífætti Jón M. Ívarsson úr Þjótanda metið í kúluvarpi í flokki 70-74 ára, kastaði lengst 7,25 metra og bætti ársgamalt met Sigmundar Stefánssonar um 58 sentimetra.

## Dagur Fannar Íslandsmeistari í sjöþraut

**FRJÁLSAR** Dagur Fannar Einarsson úr Umf. Selfoss varð Íslandsmeistari í sjöþraut í flokki 18-19 ára á Meistaramóti Íslands í fjölþrautum sem haldið var í Reykjavík um síðustu helgi.

Hann sigraði með yfirburðum fékk 4.776 stig og bætti HSK-met Bjarka Óskarssonar úr Þór um rúmlega 2000 stig. Þetta er fyrsta sjöþraut Dags Fannars í þessum flokki en hann fór upp um flokk um sl. áramót. Árangur Dags Fannars varð eftirfarandi í einstökum greinum: 60m 7,23 sek. - langstökk 6,38m - kúla 6kg, 12,19m (pb). - hástökk 1,70m - 60m grind 9,06 sek. (pb) og HSK-met á eins metra hæð grinda, gamla metið var 10,20 sek. - Stangarstökk 3,93 m (pb) og grátlega nærri því að fara 4,03m sem hefði verið HSK met í 18-19 ára flokki. Svo 1000m hlaup á sínum næstbesta tíma 2:45,69 mín.



Dagur Fannar Íslandsmeistari í sjöþraut 18-19 ára pílta.

Glæsilegt hjá Degi en með þessum árangri er hann búinn að tryggja sig langleiðina inn á NM unglunga í tugþraut næsta sumar. Þarf bara að keppa í kringlu og spjóti í vor þ.e. í greinum sem eru í tugþraut.

GK-mótið um helgina á Selfossi:

## Allt besta fimleikafólk landsins mætir á svæðið

**FIMLEIKAR** GK-mótið í hóp fimleikum fer fram á Selfossi á laugardaginn. Selfyssingar eiga tvö lið á mótinu í unglungaflokki en á mótinu keppa A-lið í fullorðins- og unglungaflokki og munum við því sjá allt besta fimleikafólk landsins sýna listir sínar.

Mótið er fyrra mótið af tveimur sem gildir til stiga í úrtöku fyrir Norðurlandamót unglunga sem fram fer í Danmörku 18. apríl nk. Bæði Selfossliðin eiga möguleika á að vinna sér inn þátttökurétt á Norðurlandamótinu, annað liðið í stúlkna-flokki en hitt í blönduðu liði stúlkna og drengja.

Við viljum hvetja alla til að mæta á mótið á laugardaginn



Stjójum Selfyssinga til sigurs. Ljósmynd: Umf. Selfoss

í vínrauðu og hvetja krakkana áfram. Mótið verður í íþrótt-

húsi Vallaskóla og hefst kl. 17:00. Áfram Selfoss -sóh

Sunnud. 16. feb. kl. 19:30

UMF SELFLOSS 1936 HK

Selfoss – HK U  
HLEDSL  
HÖLLIN

HLEDSL  
ÍÞRÓTTADRYKKUR

JAKO  
www.jakosport.is

Mánud. 17. feb. kl. 19:30

UMF SELFLOSS 1936 UMFA

Selfoss – Afturelding  
HLEDSL  
HÖLLIN

HLEDSL  
ÍÞRÓTTADRYKKUR

JAKO  
www.jakosport.is



Aðalfundur deilda Umf. Selfoss árið 2020 verða haldnir í félagsheimilinu Tíbrá sem hér segir:

### Júðódeild

fimmtudag 20. febrúar klukkan 20:30

### Sunddeild

mánudag 24. febrúar klukkan 18:30

### Taekwondodeild

þriðjudag 3. mars klukkan 20:00

### Knattspyrnudeild

mánudag 9. mars klukkan 20:00

### Handknattleiksdeild

miðvikudag 11. mars klukkan 20:00

### Fimleikadeild

miðvikudag 25. mars klukkan 20:00

### Mótokrossdeild

fimmtudag 26. mars klukkan 20:00

Á dagskrá fundanna eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.

Allir velkomnir, Ungmennafélag Selfoss

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss árið 2020 verður haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 16. apríl klukkan 20:00.

# Yfir 16% hærra bensínverð hjá sama félagi!

## Álagning eykst

Töluverð sveifla hefur verið á olíuverði á heimsmarkaði frá síðustu áramótum. Heimsmarkaðsverð á bensíni var nú í byrjun febrúar komið niður um ríflega 11% miðað við áramótaverðið. Að teknu tilliti til veikingar krónunnar gagnvart Bandaríkjadal þá er lækkunin um 10%. Listaverð bensíns hér á landi hefur á sama tíma aðeins lækkað um 1,2%. Hafa verður í huga að miðað við núverandi heimsmarkaðsverð þá er innkaupsverð hvers lítra ríflega 24% af heildarverðinu miðað við algengasta lítraverðið hjá N1, 236,80 krónur. Föst krónutölugiöld ríkisins á hvern lítra eru samanlagt 76,60 krónur sama hvort lítraverðið er 236,80 krónur eða 198,90 krónur líkt og hjá Costco. Hér til hliðar má sjá skiptingu lítraverðs á bensíni miðað við algengasta verðið hjá N1 og hjá Costco.

## Aðför að landsbyggðinni?

Innkoma Costco inn á íslenska olíumarkaðinn hefur valdið straumhvörfum. Oliufélagin hafa öll lækkað verð á nokkrum bensinstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Á átta stöðvum er í boði lægra verð á bensíni sem er frá 3,20 krónum til 5,1 krónum dýrara en lítraverðið hjá Costco. Að auki bjóða sex stöðvar lítraverð sem er frá 10,90 krónum til 20,90 krónum dýrara en hjá Costco.

Landsbyggðin hefur ekki notið góðs af þessari samkeppni oliufélaganna við Costco. Lægstu verðin utan höfuðborgarsvæðisins eru um 30 krónum hærri en það ódýrasta hjá Costco. Algengustu verðin eru 37,90 krónum hærri en hjá Costco.

Frá innkomu Costco hafa oliufélagin hækkað álagningu sína á viðskiptavini sem ekki

geta notfært sér lægstu verðin á höfuðborgarsvæðinu. Meðalálagningin fór úr tæpum 43 krónum á lítra 2017 í ríflega 48 krónur árið 2019. Þessar tölur eru uppreiknaðar með vísitölu neysluverðs og án virðisaukaskatts. Upp úr vasa neytenda er þetta um 6,20 krónum hærra verð á hvern lítra.

## Á fjórða tug króna verðmunur hjá sama félagi

Það munar 32,80 krónum eða 16,1% frá lægsta í hæsta bensínverði hjá N1. Ódýrasta lítraverðið er 204 krónur við Lindir í Kópavogi en á stærstum hluta N1 stöðva er verðið 236,80 krónur. Hjá ÓB-Olís er verðmunurinn 34,50 krónur eða 16,2%. Ódýrast er hjá ÓB við Arnarsmára Kópavogi, Bæjarlind Kópavogi og við Fjarðarkaup í Hafnarfirði eða 202,20 krónur á lítra en dýrast á flestum Olís stöðvum

236,70 krónur. Hjá Orkuni munar mest 32,70 krónum á ódýrasta dropanum og þeim dýrasta. Ódýrast er hjá Orkuni við Dalveg í Kópavogi og við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði eða 202,10 krónur. Hæsta verðið hjá Orkuni er 16,2% hærra eða 234,80 krónur. Verðmunurinn hjá Atlantsolíu nær 31 krónu

sem gerir 15,3%. Ódýrast er hjá AO við Sprengisand í Reykjavík og við Kaplakrika í Hafnarfirði eða 202,90 krónur en algengasta verðið er 233,90 krónur. Dælan er eingöngu með stöðvar á höfuðborgarsvæðinu og þar kostar bensínlíttrinn frá 209,80 til 219,80 króna.



# ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!

ENN MEIRI  
AFSLÁTTUR!

Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

## Get ég fjármagnað verkefnið mitt?

Get ég fjármagnað verkefnið mitt? Þessi spurning leitar á þá sem vilja sjá draumana rætast og koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Á því veltur hvort hugmyndir verði áfram aðeins hugmyndir eða leiðir til nýrrar atvinnu, nýrra upplifana og bættra aðferða við framleiðslu og þjónustu. Sköpunarmátturinn býr í mannlegu eðli. Við leitum nýrra leiða og tækifæra. Sjáum gamla hluti í nýju ljósi, nýja hluti og tækni gefa nýja möguleika. Það er gefandi fyrir einstaklinga að koma hugmyndum sínum á koppinn og það eykur hagsæld þjóðfélagsins að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi fái framgöngu. Nýsköpunarmiðstöð, Nýsköpunarsjóður, þekkingarsetur, klasar og viðskiptahraðlar ásamt styrktarsjóðum, fjárfestingafélögum og viðurkenningum eru meðal þess sem skapar stuðning og hvetjandi umhverfi fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.

Á stuttu málþingi Félags kvenna í atvinnulífínu þann 6. febrúar síðastliðinn í Skyrgerðinni í Hveragerði, heyrðum við sögur þriggja kvenna af Suðurlandi sem höfðu náð að fjármagna sín verkefni og voru komnar með fyrirtæki í rekstri. Þær Ragnhildur Ágústsdóttir

frá Icelandic lava show, Hulda Brynjólfssdóttir sem rekur Uppspuna – smáspunaverksmiðju og Erna Hödd Pálmadóttir sem er á þessum dögum að setja fyrstu snyrtivörur sínar í sölu frá Beauty by Iceland, sögðu frá sinni vegferð. Allar hafa þær sína sögu að segja en hjá öllum byrjaði sagan á draumnum að koma hugmynd í framkvæmd. Að hlusta á þær segja frá draumum sínum og þeirri vegferð að koma þeim í framkvæmd veitti áhorfendum innblástur í að skoða sína ástríðu, ástríðan schein sannarlega af þeim Ragnhildi, Huldu og Ernu. Það er skemmtilegt að segja frá því að allar eiga það sameiginlegt að hafa allar sótt um í Uppbyggingasjóð Suðurlands og fengið þaðan styrk inn í sín verkefni en opið er fyrir umsóknir í sjóðinn til 3. mars nk.

Á Suðurlandi starfar ört vaxandi deild innan FKA þar sem félagar eru að nálgast 60. FKA er öflugt tengslanet kvenna úr öllum greinum atvinnulífsins en félagið styður kvenleiðtoga í að sækja fram og sameina þær til aukins sýnileika og þátttöku. Átt þú erindi í félagið? Kynntu þér málið á [www.fka.is](http://www.fka.is). Formaður Suðurlandsdeildar FKA er Auður I. Ottesen audur@rit.is



# Dagur leikskólans 6. febrúar

Sjötti febrúar er merkisdagur í íslensku leikskólasögu því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Tilgangurinn er að auka jákvæða umræðu um leikskólann, vekja umræðu um hlutverk leikskóla og starf leikskólakennara og kynna starfsemina út á við.

Leikskóli er fyrsta skólastigið og þar er umhyggjan fyrir barninu höfð að leiðarljósi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og gott uppeldisumhverfi og örugg námsskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.

Skipulag og umhverfi leikskólans skal vera öruggt, örvaski og geta stutt við leik. Leikefni og efniviður skal vera skapandi og taka mið af þroska nemenda.

Á bernskuárunum er leikur mikilvægur barninu, hann er ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Leikurinn er lífstjáning og gleðigjafi og er frjálst og sjálfsprottinn leikur hið eðlilega tjáningaform barns. Í leiknum geta þau lært margt sem enginn getur kennt því. Þar fer fram mikil sjálfsnám og leiknum getur fylgt bæði gleði og alvara. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, athafnir og leikni. Börn fá útrás fyrir tilfinningar sínar, sköpunarþörf og hugmyndaflug eflist. Í leiknum læra börnin mikilvægi þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Þau læra samskipta-reglur og að virða rétt annarra.

Allur leikur mótast af aldri og þroska barna og þurfa starfsmenn leikskóla að þekkja hlutverk og eðli leiks barna á

hverju aldurskeiði. Í leik er best að fylgjast með þroska barns og fylgjast með framförum. Kennarinn þarf því að fylgjast vel með leik barna. Hann þarf að vita hvenær á að grípa inn í og hvenær að draga sig í hlé. Vera tilbúinn til að örva, vekja áhuga og taka þátt í honum á forsendum barnanna. Návist kennara veitir bæði öryggi og stuðning.

Að Laugalandi í Holtum er rekinn tveggja deilda leikskóli en á undanförunum árum hefur börnum í Rangárþingi ytra og Ásahreppi verið að fjölga jafnt og þétt.



Við vinnum eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995 og aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út 2011. Aðalnámskrá leikskóla er ígildi reglugerðar sem segir til um hlutverk leikskóla er varða menntun, uppeldi og umönnun og byggir hún á 2. gr. laga um leikskóla. Í henni stendur að meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku

- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að viðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmýnd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

Það eru ekki kenndar hefðbundnar kennslugreinar í leikskólum heldur er áherslan á grunnþætti menntunar sem eru; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Námssvið leikskólans eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Þau eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans og er þar tekið mið af grunnþáttum menntunar sem byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun sem tengjast leik og daglegum athöfnum.

Eins og sjá má eru það margir mikilvægir þættir sem taka þarf tillit til þegar skipuleggja skal gott leikskólastarf. Þá er ómetanlegt að hafa hæfa og góða starfsmenn í vinnu. Það er mikill misskilningur að starfsmenn séu aðeins að snýta og skeina í leikskólum. Hlutverk þeirra er svo miklu, miklu meira en það.

Í tilefni af Degi leikskólans buðum við öfum og ömmum nemenda okkar að koma og skoða leikskólann og kynna sér það merkilega starf sem á sér stað í leikskólanum.

Til hamingju með daginn okkar.

Sigrún Björk Benediktstóttir, leikskólastjóri  
Leikskólanum Laugalandi.

## Hefur fjölskyldan farið saman í íshelli, séð bráðið rauðglóandi hraun eða borðað í gróðurhúsi?

Vetrarfrí grunnskólanna eru á næsta leiti og á Suðurlandi má finna fjölbreytta skemmtun og upplifun fyrir alla fjölskylduna. Ferðapjónustuaðilar verða með ýmis tilboð með sérstakri áherslu á fjölskylduna á meðan á vetrarfríum stendur, 15. – 25. feb og 28. feb – 8. mars.

Með því að ferðast um heimabyggð styrkjum við þjónustu og afþreyingu sem er í boði á okkar svæði og stuðlum að því að sú þjónusta verði áfram í boði bæði fyrir heimamenn og gesti. Ein af jákvæðu áhrifum ferðapjónustunnar er fjölbreytileiki veitingastaða, afþreyingar og gistingar. Með tilkomu ferða-

mannna til landsins er orðin möguleiki fyrir fyrirtæki að reka þessa þjónustu allt árið um kring og heimamenn njóta síðan góðs af. Því er kjörið tækifæri að nýta sér þjónustuna í vetrarfríum og



njóta upplifunar í heimabyggð.

Allar nánari upplýsingar um hvað er í boði á Suðurlandi má finna á viðburðadagatali south.is.

## Félag eldri borgara á Eyrarbakka

### Aðalfundur

Félag eldri borgara á Eyrarbakka verður haldinn sunnudaginn 23. feb. kl. 14 að Búðarstíg 22 (Alpan kaffistofa). Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

## Félag eldri borgara á Eyrarbakka

### Góugleði 2020

Félag eldri borgara á Eyrarbakka heldur góugleði laugardaginn 7. mars í félagsheimilinu Stað. Húsið opnað kl. 19.

Veislumatur frá Rauða húsinu.

Jón Bjarnason sér um fjörið.

Miðaverð 6.000 kr.

Miðapantanir hjá Ingu í síma 845 6526 eða Jónínu í síma 841 9290.



## Rauði kross Íslands Árnesingadeild

Aðalfundur Árnesingadeildar Rauða kross Íslands verður haldinn að Eyravegi 23 á Selfossi, miðvikudaginn 4. mars, kl. 19.30.

Gestur fundar verður Fjóla Einarsdóttir Svæðisfulltrúi Rauða krossins á Suðurlandi og heldur hún erindi um neyðarvarnir.

### Venjuleg aðalfundarstörf

#### Kaffiveitingar

Félagar og sjálfbóðaliðar deildarinnar eru hvattir til að mæta.

Nýir félagar eru velkomnir á fundinn

Stjórnin

## Aðalfundur Sólvalla, dvalarheimilis aldraðra á Eyrarbakka

Fimmtudaginn 20. febrúar kl. 20:00  
verður aðalfundur Sólvalla,  
haldinn í sal heimilisins.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál

Eyrbekkingar og aðrir áhugamenn um  
rekstur heimilisins eru hvattir til að mæta

Stjórnin

**FUNDIR**

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**  
 Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
 Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
 Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi. Ath. fundur 24. og 31. des. kl. 12 á hádegi.

**AA Sporgöngumanna**  
 Mán. kl. 21 - AA fundur  
 Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
 Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
 Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
 Fim. kl. 20 - AA fundur  
 Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
 Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
 Sun. kl. 11 - AA fundur  
 Sun. kl. 21 - AA fundur  
 AA Hrísholti 8, Selfossi.  
 Nánari upplýsingar á aa.is.

**OA**  
 Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**  
**Bataleið frá meðvirkni**  
 Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
 Hrísholti 8, Selfossi.  
 Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
 Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin Batasetur Suðurlands**  
 Miðvikudaga kl. 10-14  
 Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)  
 Föstudaga kl. 10-12 í Strók  
 facebook.com/batasetur

**BÍLAR**

**KIETTUR**  
 Bifreiðaverkstæði  
 Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi  
 Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílavíðgerðir.  
 Hjólastillingar  
  
 Dekkja- og smurþjónusta  
 Sími 482 4069

  
 Gagnheiði 11  
 800 Selfossi  
 Sími 482 2200  
 GSM 894 2277  
 Fax 482 2777  
 Yfirbyggingar – Réttingar  
 Bílamálun – Rúðuskipti

**ÞJÓNUSTA**

**BR FLUTNINGAR**  
  
**S: 662-1122**  
**Daglegar ferðir**  
**SELFOSS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

**ICECOOL**  
 Bifreiða- og breytingaverkstæði  
 Gagnheiði 51, Selfossi  
 Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

  
**KJARNABÓKHALD**  
 Bókhald • Framtöl • Skattskil  
 Launavinnsalur • Ráðgjöf o.fl.  
 Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
 Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is  
**Ráð í rekstri !**

**Hjá Maddý ehf.**  
 Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
 s. 482 3454 - maddy@maddy.is  
 Bókhald - ráðgjöf skattskil  
**Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki**  
 Persónuleg þjónusta

**STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM**  
 Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu.  
 Kjarnaborun fyrir lögnum.  
 Ramma inn myndir, spegla og fleira.  
 Annast einnig sólpallasmíði.  
**ÁSGEIR EGGERTSSON**  
 Sléttuvegi 6, Selfossi  
 Sími 893 9068  
**STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.**

  
**FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS**  
**Fáðu tilboð í auglýsingapakka í blaðið og á vefinn!**  
 Hafðu samband  
 Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

**KIRKJUR**

**Skálholtsdómkirkja**  
 Messa kl. 11 á Bibíuðegi. Prestsþjónusta Axel Á Njarðvík héraðsprestur og organisti Jón Bjarnason. Verið velkomin.

**Eyrarbakakirkja**  
 Eyrarbakaprestakall sameiginlegur sunnudagaskóli í Eyrarbakakirkju sunnudaginn 16. febrúar kl. 11.00. Biblíusögur, söngur og spjall. Rebbi refur kemur í heimsókn.

**Kirkjuskólinn í Víkurprestakalli**  
 Samvera kirkjuskólans í Víkurprestakalli fellur niður næsta sunnudag af óviðráðanlegum ástæðum. Næsta samvera verður 23. febrúar.

**Eyvindarhólakirkja undir Eyjafjöllum**  
 Guðsþjónusta verður í Eyvindahólakirkju nk. sunnudag, 16. febrúar kl. 16:00. Félagar úr kirkjukór Eyfellinga leiða söng undir stjórn Brians R. Haraldssonar organista. Fermingarbörn og foreldrar þeirra sérstaklega hvött til að mæta.

**Hveragerðiskirkja**  
 Messa kl. 11. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar. Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay. Sunnudagaskóli kl. 12.30 í umsjón sr. Ninnu Sifjar.

**Kotstrandarkirkja**  
 Messa kl. 14. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsókna syngur, organisti Miklós Dalmay.

**Aðventistar**  
 Laugardaginn 15. febrúar 2020 verður lokað í safnaðarheimili aðventista á Eyravegi 67. Sameiginleg samkoma verður í safnaðarheimilinu Blikabraut 2, Keflavík, frá kl. 11. Sameiginlegt borðhald verður á eftir. Verið velkomin.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**  
 Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar. English translation available. Allir innilega velkomnir.  
 www.selfossgospel.is

**Þorlákakirkja**  
 Sunnudagur 16. febrúar. Messa í Þorlákakirkju kl. 14.00. Kór Þorlákakirkju leiðir söng. Organisti Ester Ólafsdóttir. Sr. Arnaldur A. Bárðarson þjónar.

**Selfoskirkja**  
 Messa sunnudaginn 16. febrúar kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, prestur Guðbjörg Arnardóttir. Súpa í safnaðarheimilinu á eftir. Sunnudagaskóli kl. 13:00, umsjón Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir ásamt leiðtogum.

**Skarðskirkja**  
 Guðsþjónusta verður sunnud. 16. febrúar, kl. 14.00 og aðal-safnaðarfundur á eftir.

**FUNDIR**

**Athugið!!!**  
**Nýr og breyttur tími á vöflukaffinu!**  
 Sextánnda vöflukaffi vetrar verður haldið næsta föstudag 14. feb. á Eyravegi 15 annarri hæð á milli klukkan 17 og 19. Gestur okkar er Sveinn Runólfsson fyrrv. Landgræðslustjóri og mun ræða landgræðslu og endurheimt votlendis. Allir velkomnir.  


  
**Opið hús hjá FEB á Selfossi**  
 Hjörtur Þórarinnsson er mörgum að góðu kunnur. Hjörtur mun segja frá Fjalla-Eyvindi á opna húsi þessarar viku. Húsið opnað kl. 14:45 og dagskrá hefst kl. 15:10. Kaffi og meðlæti kostar 1000 kr. Molakaffi kostar 200 kr.  
*Stjórnin.*  


**Hádegisfundur**  
 Laugardagsfundur verður á 2. hæð í Tryggvaskála laugardaginn 15. febrúar. Súpa gegn vægu gjaldi fyrir fundargesti. Allir velkomnir.  
*Sjálfstæðisfélagið Óðinn*

**HEILSA**

Hugurinn, líkaminn og sálin  
  
*Nákvæðar hugsanir breyta degunum*  
 Energy Touch • Nudd • Nálastungur • Núvntund  
 Sími 6932197  
 Ragnhildur Sigurðardóttir  
 Cand. Magi fjárféttisráðgjafi  
 Jónsæðisséðir  
 Hátt Yoga, NLP Master/Coach  
 www.thesunflower.is  


  
**DFS TV má finna inni á DFS.is, fréttavef Dagskrárinna.**

**Stjórnuskoðun við Hótel Rangá**



Nemendur í valáfanganum stjórnufræði, heimsóttu miðvikudagskvöldið 29. janúar, best búnu stjórnuskoðunaraðstöðu landsins, við Hótel Rangá. Þar er sérútbúið smáhúsi með afrennanlegu þaki ásamt tveimur öflugum stjórnusjónaukum, bæði linsu- og spegilsjónauka. Á móti hópnun tóku Kári Helgason formaður Stjarnvísindas-

félags Íslands og Sævar Helgi Bragason ritstjóri Stjórnufræðivefsins er fræddu okkur um Venus og Tunglið sem sáust vel á kvöldhimninum. En einnig um stjörnumerki og ýmis djúpfyrirbæri, vetrarbrautir, tvístími, kúlupyrpingar ofl. er voru vel sýnileg með hjálp tölvustýrðu sjónaukanna tveggja.

**Ari Már Ólafsson kjörinn formaður Árnesingadeildar Miðflokksins**

Aðalfundur Árnesingadeildar Miðflokksins var haldinn miðvikudaginn 5. febrúar sl. Nýr formaður var kjörinn Ari Már Ólafsson Selfossi, en hann tekur við af fyrsta formanni Árnesingadeildarinnar, Guðmundi Kr. Jónssyni.

stigsins, María fór yfir umfang og rekstur sveitarfélaganna og Margrét fór yfir stöðu mála í Reykjanesbæ og náttúruvána sem skukur nú Suðurnesin.

Gestir fundarins, Tómas Ellert Tómasson bæjarfulltrúi í Svf. Árborg, Margrét Þórarinsdóttir bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, María Grétarsdóttir Garðabæ og Vigdís Hauksdóttir borgarfulltrúi héldu erindi um það sem ber hæst á sveitarstjórnarstiginu. Erindin þóttu fræðandi og upplýsandi, enda farið vítt og breytt yfir sveitarstjórnarstigið. Tómas Ellert og Vigdís fóru meðal annars yfir lýðræðishallann sem er í efsta lagi sveitarstjórnar-



*Stjórn Árnesingadeildar Miðflokksins skipa: Ari Már Ólafsson formaður, Asdís Bjarnadóttir, varaformaður, Guðrún Jóhannsdóttir, Sólveig Guðjónsdóttir og Baldvin Nielsen. Varastjórn skipa Arnar Hlynur Ómarsson og Solveig Pálmadóttir.*

## Hreyfing sem forvörn

Það er engin mýta að hreyfing og heilbrigður lífsstíll er ein allra besta forvörnin fyrir ýmsum sjúkdómum sem herjað geta á okkur á ævinni. Ekki eingöngu að hreyfing sé ein besta forvörnin heldur hefur það sýnt sig og sannað að þeir sem eru í góðu líkamlegu formi og andlegu jafnvægi eru betur í stakk búnir til að takast á við sjúkdóma og afleiðingar þeirra. Það er margt sem gerist í líkamanum þegar þú hreyfir þig.

Við reglulega hreyfingu lækkar blóðþrýstingur og kólesteról, hjartað styrkist og lungun þenjast betur út sem eykur súrefnisflæði til líffæra. Hreyfing getur þannig dregið úr þreytu og aukið líkamlega orku með því að auka súrefnisupptöku í vöðvum. Bein, liðamót og vöðvar styrkjast. Líkur á sykursýki minnka.

Hreyfing vinnur einnig gegn depurð og bætir andlega líðan. Ákveðnar tegundir krabbameina eru einnig fátíðari hjá þeim sem hreyfa sig reglulega og rannsóknir hafa einnig sýnt að þeir sem byrja að hreyfa sig eftir að hafa greinst með krabbamein

hafa auknar lífslíkur og betri lífsgæði.

Krabbameinsfélag Árnessýslu ætlar að styðja við átakið Mottumars með heilsuefandi viðburðum í heimabyggð. Boðið verður upp á fræðslufyrirlestra sem miða að heilbrigði og líkamsbeitingu, tekið þátt í Karlahlaupinu 1. mars og efnt til fjörugra viðburða sem auglýstir verða þegar líður að.

Dagskráin verður birt á heimasíðu félagsins, [www.krabbameinsfelagarnessyslu.is](http://www.krabbameinsfelagarnessyslu.is) á Facebooksíðu félagsins og reglulega í Dagskránni fréttamiðli.

Við hvetjum fyrirtæki, stofnanir, fjölskyldur og einstaklinga til að taka virkan þátt í heilsuefandi forvörnum gegn krabbameinum, nýta tækifærið til að fræðast og kynna fjölbreytileika hreyfingar.

Sýnum baráttunni gegn krabbameinum stuðning í verki, mætum á viðburði og tökum þátt í forvarnarstarfi félagsins.

F.h Krabbameinsfélags  
Árnessýslu,  
Svanhildur Ólafsdóttir,  
formaður.



## Vonast eftir því að hitta Schwarzenegger sjálfan

Kraftlyftingakonan Sigríður Sigrúnardóttir er að gera það gott í afraunaheiminum um þessar mundir. Sigríður keppir fyrir hönd Suðra, íþróttafélags fatlaðra á Suðurlandi. Um þessar mundir er Sigríður að safna fyrir ferð sinni á ARNOLD Classic disabled strength competition sem verður haldin 7. – 8. mars nk. í Ohio í Bandaríkjunum. Þess má geta að Sigríður verður sú eina sem keppir fyrir Íslands hönd á mótinu og fyrsta íslenska fatlaða konan sem keppir á mótinu sem þessu á erlendri grund.

### Mótið er dýrt og Sigríður skorar á alla að styrkja sig.

Sigríður segir að hún muni þurfa að taka með sér aðstoðarmann og ferðin sé mjög kostnaðarsöm fyrir hana. Því hafi hún brugðið á það ráð að óska eftir styrkjum frá einstaklingum, fyrirtækjum og í raun öllum sem hönd vilja leggja á plóg þannig að ferðin geti orðið að veruleika. Þegar við spyrjum Sigríði hvar áhugi hennar kviknaði á kraftlyftingum segir hún: „Ég er að æfa

frjálssar og lyftingar hjá Ármanni í Reykjavík. Í fyrra þegar verið var að sýna þetta í sjónvarpinu þá var stelpa sem var mög sterk og sýndi að það var allt hægt. Það gaf mér innblástur í að skoða þetta betur og fara að æfa. Aðspurð um hvort hún eigi von á að hitta Arnold sjálfan á mótinu segir Sigríður: „Ég vona það. Hann er rosa aktívur að mæta á svona mót. Dagskráin óskar Sigríði velfarnaðar á mótinu, en hún hefur æft af kappi. Þá hvetur Dagskráin alla til að styrkja Sigríði til fararinnar! -gpp



»DFS.IS  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ferskar fréttir á hverjum degi. Kíktu við!



Samherji Fiskeldi er dótturfyrirtæki

Samherja sem rekur þrjár áframeldisstöðvar og þrjár seiðastöðvar. Félagið er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi og selur afurðir sínar til kröfuharðra viðskiptavina.

Gæði og áreiðanleiki eldisferils Íslandsbleikju er vottaður af óháðum aðila, IMO frá Sviss.

Nánari upplýsingar á [www.samherji.is](http://www.samherji.is)



## Sumarstarfsmaður

Samherji Fiskeldi auglýsir eftir sumarstarfsmanni í seiðastöð félagsins að Núpum í Ólfusi.

- Starfið felst í umhirðu hrognna og seiða auk annarra tilfallandi starfa í stöðinni.
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga á fiskeldi
- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur og vandvirkur með auga fyrir umhirðu dýra
- Vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga

Umsóknir sendist til Gunnars stöðvarstjóra

á netfangið [gdd@samherji.is](mailto:gdd@samherji.is)

Umsóknarfrestur er til 19. febrúar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar í síma 821 1407

Fjölbreytt  
sumarstörf hjá  
Orku náttúrunnar

## Ert þú ON?

Við leitum að jákvæðum og framtakssömum háskólanemum, iðnnemum, nemum í framhaldsskóla og skapandi greinum í fjölbreytt sumarstörf fyrir okkar orkumikla og skemmtilega vinnustað.

Umsóknarfrestur er til **1. mars 2020**

Allar nánari upplýsingar um störf: [starf.on.is](http://starf.on.is)

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · [www.on.is](http://www.on.is) · [on@on.is](mailto:on@on.is)

on  
ORKA NÁTTÚRUNNAR

## Hveragerðisbær með hæstu einkunn allra sveitarfélaga í þjónustukönnun Gallup

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar, þann 6. febrúar sl. voru lagðar fram niðurstöður þjónustukönnunar sveitarfélaga 2019 sem framkvæmd var af Gallup. Í skýrslunni kemur fram að Hveragerðisbær fær hæstu einkunn allra sveitarfélaga í þjónustukönnun Gallup þegar spurt var um ánægju íbúa með sveitarfélagið sem stað til að búa á. Bæjarfélagið hefur skipað sér í efstu sæti undanfarin ár en nú eru íbúar Hveragerðisbæjar á toppnum þó rétt sé að geta þess að lítil munur sé á efstu sætunum.



Myndin er tekin á hátíðinni Blóm í bæ 2019. Mynd: Dagskráin/GPP

### Þjónusta við eldri borgara í fyrsta sæti og grunnskólinn hástökkvari

„Bæjarráð fagnar einstaklega góðum niðurstöðum þjónustukönnunarinnar sem styrkir bæjarstjórn og starfsmenn í

áframhaldandi störfum og eykur vilja til að gera enn betur. Það er áberandi að ánægja íbúa er vel yfir meðaltali annarra sveitarfélaga í nær öllum málaflokkum. Sérstaklega ríkir mikil ánægja með menningarmál, skipulagsmál, gæði umhverfis, þjónustu leikskóla og þjónustu við eldri borgara en þar skipar Hveragerðisbær sér í efsta sæti. Frá síðustu könnun er áberandi að sjá hversu

mjög ánægja íbúa hefur aukist almennt. Þar má nefna að ánægja með þjónustu leikskóla hefur aukist, sem og ánægja með aðstöðu til íþróttaiðkunar og á sviði menningarmála. Grunnskólinn er síðan hástökkvari ársins sem er afar ánægjulegt. Enn og aftur er ánægja eldri borgara að aukast frá því síðast en í þeim málaflokki hefur Hveragerði ávallt verið á toppnum.“ -gpp

## Þjóðsaga til næsta bæjar í Hveragerði

Það voru ýmsar persónur og verur sem birtust á sviðinu í Leikhúsinu Austurmörk 23 í Hveragerði föstudagskvöldið 7. febrúar, þegar Leikfélag Hveragerðis frumsýndi nýtt íslenskt fjölskylduleikrit fyrir fullu húsi.

Þarna sátust hinir „bráðskörpu“ Bakkabræður, Gilitrutt í öllu sínu veldi, kóngur og drottning, skessur, púki og margar fleiri persónur. Yngsti leikarinn í sýningunni er 10 ára og sá elsti 76 ára.

Hinu nýja leikriti var vel tekið og skemmtu áhorfendur sér vel. Örn Árnason hinn kunn



leikari leikstýrði, samdi leikgerðina, söngtexta og tónlistina. Utsetningu tónlistar annaðist Birgir Jóhann Birgisson.



E.v. Sæmundur Ingibjartsson, Jónína Sigurjónsdóttir og leikstj. Örn Árnason.

**Lagnapjónustan ehf**  
 Pípulagnir - Efnissala  
 482 2311 ☎ 696 2311  
 Skrifstofa Þjónustusími

**BÓNFDGAR**  
  
 Gagnheiði 51 - Selfossi  
 Símar 482 2327 - 848 2327  
 - Sækjum og skilum -

**MERKINGAR LASERSKURÐUR FRÆSINGAR PRENTUN**  
  
 Kennslustofa 60  
**SB SKILTAGERÐ**  
 Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

**Jiibbií**  
  
**Siggafærðir**  
 - Flutningaþjónusta -  
 Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
 Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.  
 Reykjavík - Selfoss  
 Hella - Hvolsvöllur  
 Sími 772 6010

**FROST**  
 KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
 HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
 HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

**expert kæling**  
 Sími 660 2970  
 Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
 Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

**Slökkvitæki ehf**  
 Hleðsla - Sala - Þjónusta  
 Austurvegi 52 - Selfossi  
 Sími 666 9990  
 Verslum við litla manninn

**Hafid Bláa**  
 restaurant with a view  
 The Blue Sea  
 Valentínusartilboð  
 14-16. feb  
 hafidblaa.is  
 483-1000  
 12:00-20:00 fös-sun

**Rétting og málun**  
 Vottað rétttingaverkstæði  
 Cabas tjonaskoðun  
 Breiðumýri 1, Selfossi  
 ☎ 480 8020

**FYLGDI**  
 Útfararþjónusta  
  
 Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson  
 Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar  
 Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**Meirapróf hefst á Selfossi föstudaginn 14. febrúar**  
  
 ef næg þátttaka fæst. Þetta er helgarnámskeið.  
 Upplýsingar og skráning hjá Þráni í síma 892 9594  
 eða í netfangið thrainn@okuskoli.is  
**Okuskóli Suðurlands - Eyravegi 55, Selfossi - www.okuskoli.is**

**Josera**  
 Gæludýrafóður  
 Fæst hjá  
**BYKO Selfossi**

**VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf**  
 Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980  
 Efnissala  
 Rennismiði  
 Innréttingar  
 Járnsmiði  
 Gagnheiði 5, Selfossi  
 Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta Magnúsar**  
 Gagnheiði 25 - Sími 482 2151  
  
 Hjólbarðar  
 Smurþjónusta  
 Betri vörur - betra verð

**Sprettur ÁBURÐUR**  
  
**Skeljungur**  
 Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
 GSM: 840 3009

**Bílasprautun - Bílaréttingar Bílruðuskipti**  
  
**Bilverk BA**  
 - þar sem fagmennsku er vinna  
 ★★★★★ Vottað verkstæði  
 Gagnheiði 3 - Selfossi  
 Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverka.is